

Nd.

131. Frumvarp til laga

um sauðfjárbaðanir.

Flm.: Pétur Ottesen, Þorbergur Þorleifsson, Gísli Guðmundsson.

1. gr.

Þrifaböðun skal árlega fara fram á öllu sauðfé i landinu á tímabilinu frá 15. nóv. til 31. janúar.

2. gr.

Skylt er hverjum fjáreiganda að framkvæma böðun á öllu því sauðfé, er hann hefir undir höndum, og hlíta eftirliti því, er um getur i 6. gr.

3. gr.

Hreppsnefndir og bæjarstjórnir skulu, hver í sinu umdæmi, hlutast til um, að allir fjáreigendur i hreppum eða kaupstöðum hafi pantað næg baðlyf á sauðfé sitt svo snemma, að böðun geti farið fram samkvæmt fyrirmælum laga þessara.

4. gr.

Landbúnaðarráðherra ákveður, i samráði við forstöðumann rannsóknarstofu háskólans, hvaða baðlyf skuli notuð.

5. gr.

Skylt er hverri hreppsnefnd og bæjarstjórn að sjá um, að æfinlega séu, að dómi baðstjóra, til i hreppnum eða kaupstaðnum nægilega margar sundþrær til þess að baða fé i. Kostnað þann, sem af því leiðir að bæta úr því, sem áfátt kann að vera i þessu efni, er lög þessi koma til framkvæmda, greiða fjáreigendur.

6. gr.

Sýslunefndir skipa baðstjóra í hverjum hreppi og bæjarstjórnir í kaupstöðum. Baðstjóri skipar fyrir um, hvenær baða skuli innan þess tímatakmarks, sem til er tekið í 1. gr., og hefir eftirlit með því, að allir baði, enda ber honum að vera viðstaddur böðunina. Að öðru leyti setur landbúnaðarráðherra, í samráði við Búnaðarfélag Íslands, nánari reglur um baðanir, og ber baðstjóra að sjá um, að þeim reglum sé fylgt í öllum greinum. Í reglum þessum má skipa fyrir um, að böðun fari fram sem mest samtímis á þeim svæðum, er fé gengur saman á. Kaup baðstjóra greiðist úr sveitar- eða bæjarsjóði.

7. gr.

Nú skipar landbúnaðarráðherra fyrir um baðanir á sauðfé til útrýmingar fjárkláða á stærri eða minni svæðum samkv. 1. gr. laga nr. 40 frá 8. nóv. 1901, og skal þá framkvæmd þessara laga frestað á því svæði, sem útrýmingarböðun tekur til, svo lengi sem þurfa þykir og ráðherra ákveður.

8. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglum þeim, sem settar eru samkvæmt þeim, varða sektum frá 20—2000 krónum, sem renna í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið. Skal farið með þau mál sem almenn lögreglumál.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 58 30. nóv. 1914, um sauðfjárbaðanir.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Nauðsynlegt er að skerpa eftirlitið með þrifaböðunum, og yfirleitt gera allt, sem unnt er, til þess að þær geti borið sem beztan árangur. Breytingar þær, sem hér er lagt til að gerðar séu á lögunum um sauðfjárbaðanir, miða allar að þessu.